

Föstudaginn 5. júní 1987.

Nr. 87/1987. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Ingólfi Rúnari Jónssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Líkamsárás. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 23. janúar 1987 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 23. mars sl.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann. Það athugist að lög um dómvexti nr. 56/1979 voru felld úr gildi með vaxtalögum nr. 25/1987, en ákvæði héraðsdóms um dómvexti ber eftir sem áður að skilja sem hæstu innlánsvexti eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma.

Ákærði verður dæmdur til að greiða áfrýjunarkostnað eins og nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Ingólfur Rúnar Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 18.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Selfoss 12. ágúst 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu höfðað með ákæru, dags. 18. febr. 1985, á hendur Ingólfi Rúnari Jónssyni, Reynivöllum 12, Selfossi, fæddum þar í bæ 29. sept. 1963, fyrir líkamsárás, með því að hafa aðfaranótt 17. september 1983 í samkomuhúsinu Árnesi,

Gnúpverjahreppi, sparkað í andlit Olavs Heimis Davíðssonar, f. 12. júní 1958, með þeim afleiðingum að hann nefbrotnaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

II.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 18. sept. 1983, lagði Olav Heimir Davíðsson, Reykjabraut 20, Þorlákshöfn, fram kæru á hendur ákærða í máli þessu hjá lögreglunni í Árnessýslu. Skýrði hann svo frá, að hann hefði verið í dansi, ásamt stúlkum frá Þorlákshöfn á dansleik í Árnesi, Gnúpverjahreppi, hinn 17. sept. s.á., og hefði hann ásamt öðrum, sem voru á dansgólfinu, sest á hækjur sínar er ákærði sparkaði í andlit sitt (sic) og kvaðst hann hafa fallið við það á gólfið. Hafi höggið komið á vinstri kinn, auga og nef og fékk hann allmikla áverka af þessu. Eftir að Olav féll á gólfið kveður hann ákærða hafa lagst ofan á sig og reynt að halda sér föstum, en stúlkur, sem Olav þekkti og voru þarna, kveður Olav hafa komið sér tii hjálpar.

Framangreindur Olav kvaðst ekkert þekkja ákærða og ekki hafa séð hann fyrr. Hann hefur staðfest framburð þennan hér fyrir dómi.

Skv. framlögðu vottorði Jóns G. Hannessonar læknis kom kærandi til læknis hinn 18. sept. 1983 og kom þá í ljós, að hann var nefbrotinn og þurfti að lagfæra nef hans á Háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans í Reykjavík.

Framangreindur Olav skýrði svo frá fyrir dómi hin 6. mars sl. að hann væri að mestu búinn að ná sér en ennþá sé hnúður á nefi hans.

Ákærði var yfirheyrður af lögreglu hinn 8. nóv. 1983. Kvaðst hann þar mótmæla ofangreindri kæru sem rangri. Kvaðst hann hafa staðið við leiksviðið í danssalnum og verið að horfa á hljómsveitina, þegar hann fékk högg í andlitið án þess að hann vissi hvaðan það kom. Kvaðst ákærði hafa borið hönd fyrir andlitið, en hafi þá fengið spark í hægri olnboga. Kveðst ákærði heldur ekki vita hver var þarna að verki. Þá kveður hann stúlku frá Þorlákshöfn hafa togað í hárið á honum. Á hinn bóginn kveðst ákærði ekki vita til þess, að hann hafi barið eða sparkað í nokkurn mann. Ákærði kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis í umrætt sinn, en ekki svo, að hann visi ekki hverju fram fór.

Við meðferð þessa máls hér fyrir dómi kveður ákærði að útilokað sé að hann hafi sparkað í nokkurn mann eða slasað á ofangreindum dansleik.

Vitnið Ingibjörg Ketilsdóttir, f. 4. 12. 1958, kveður ákærða hafa verið í einhverjum hnippingum við stúlku sem vitnið þekkti. Er vitnið var að dansa

kveður það ákærða hafa slegið sig í andlitið, en það kvaðst þá hafa slegið á móti og meira ekki orðið úr þessu. Skömmu síðar kvaðst vitnið hafa séð að ákærði og Olav Heimir lágu á gólfinu, en upphaf átakanna kvaðst vitnið ekki hafa séð.

Vitnið Andrea Hilmarsdóttir, f. 6. 11. 1965, kvaðst í umrætt sinn hafa verið að dansa við kæranda í máli þessu og voru dansendur að beygja sig niður þegar ákærði sparkaði í andlit Olavs Heimis, svo að hann féll í gólfið. Hafi ákærði síðan ráðist á Olav þar sem hann lá á gólfinu. Kveður vitnið ákærða hafa verið sifellt að ónáða vitnið og aðrar stúlkur þarna á dansleiknum áður en ofangreint gerðist.

Vitnið Rúnar Guðjónsson, f. 26. 04. 1965, kveðst ekki hafa séð nein átök á milli ákærða og Olavs í umrætt sinn. Kveðst hann hafa setið á leiksviðinu og séð vel yfir vettvang og fylgst með ákærða öðru hverju þarna um kvöldið. Telur vitnið ólíklegt að átök hafi verið með ákærða og Olavi á dansleiknum, þannig að þau færu framhjá vitninu. Vitnið segir á hinn bóginn að einhverjar stelpur hefðu togað í ákærða. Kveðst vitnið hafa verið allsgátt í umrætt sinn.

Vitnið Trausti Guðmundsson, f. 24. 3. 1964, kvaðst hafa verið að dansa á umræddum dansleik í námunda við þá Olav og ákærða og fylgst með þeim, aðallega þó ákærða, og ekki hafa séð nein slagsmál á milli þeirra. Einu slagsmálin, sem vitnið kvaðst hafa séð, var að tvær stúlkur voru að tuskast eitthvað við ákærða.

Vitnið Páll Skaftason, f. 13. 5. 1965, segist hafa verið á ofangreindum dansleik rétt hjá leiksviðinu og séð Olav Heimi og nokkrar stúlkur frá Þorlákshöfn sitja á hækjum sínum er ákærði hafi sparkað í andlit Olavs, en síðan slegið ofangreinda stúlku í andlitið. Kveðst vitnið hafa tekið ákærða og farið með hann í burtu.

Vitnið kveður ákærða hafa átt upptökin að þessu, en ákærði hafi verið mjög ölvaður þegar þetta gerðist. Sjálfst kvaðst vitnið hafa verið eitthvað undir áhrifum áfengis. Vitnið kveðst þekkja ákærða vel, þeir hafi verið saman í skóla.

III.

Telja verður sannað með framburðum vitnanna Olavs Heimis, Andreu Hilmarsdóttur og Páls Skaftasonar, svo og öðrum gögnum máls þessa að þrátt fyrir neitun ákærða hafi hann gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er réttilega heimfærð til refsí-ákvæða.

Ákærði er sakhæfur. Hann hefur hvorki sætt kæru né refsingu svo kunnugt sé.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 1 mánuð.

Fullnustu refsingar skal þó frestað og hún niður falla að liðnum 3 árum frá birtingu dóms, haldi hann alm. skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga.

Af hálfu Olavs Heimis Davíðssonar hefur verið lögð fram eftirgreind bótakrafa á hendur ákærða sem sundurliðast þannig:

1. Jakki, sem var rifinn og eyðilagður	kr.	2.500,00
2. Lækniskostnaður	“	254,00
3. Ferðakostnaður v. læknismeðferðar	“	1.000,00
4. Vinnutap í 1 viku + orlof	“	5.989,00
5. Miskabætur	“	15.000,00

Auk þess er krafist hæstu lögleyfðu vaxta frá 5. okt. 1983 til greiðsludags.

Ákærði hefur mótmælt bótakröfu þessari.

Liðir 1 og 4 eru óskýrðir og órökstuddir og verður þeim því hér vísað frá. Rétt þykir hinsvegar að ákærði greiði Olav Heimi skaðabætur sem hér telst (sic) hæfilega ákveðnar kr. 10.000. Auk þess skal ákærði dæmdur til að greiða dómvexti frá 5/10 1983 af kr. 10.000 til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Karl F. Jóhannsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Selfossi, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Ákærði Ingólfur Jónsson, f. 29. sept. 1963, sæti varðhaldi í 1 mánuð. Fullnustu refsingar skal þó frestað og hún niður falla að liðnum 3 árum frá birtingu dóms.

Ákærði skal greiða Olavi Heimi Davíðssyni, kr. 10.000 í skaðabætur, auk dómvaxta frá 5/10 1983.

Ákærði skal greiða allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.